

Ár 2014, fimmtudaginn 4. september kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Eyþór H. Ólafsson í forföllum Unnar Þormóðsdóttur og Njörður Sigurðsson. Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bærarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir, varaformaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

**1. Bréf sem borist hafa frá:**

**1.1. Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu frá 27. ágúst 2014.**

Í bréfinu er vakin athygli á degi íslenskrar náttúru sem verður að venju haldinn hátíðlegur þann 16. september 2014.

Lagt fram til kynningar.

**1.2. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 2. september 2014.**

Í bréfinu er kynnt ákvæði samþykkt Sambands íslenskra sveitarfélaga er lýtur að meðferð mála og fyrirtöku þeirra á landsþingi sambandsins.

Lagt fram til kynningar.

**1.3. Sambandi sunnlenskra kvenna frá 25. ágúst 2014**

Í erindinu er kynnt samþykkt sem gerð var á 86. ársfundi Sambands sunnlenskra kvenna þann 26. apríl 2014 þar sem samþykkt var að skora á stjórnvöld að endurskoða fyrirkomulag varðandi búsetumál aldraðra.

Lagt fram til kynningar.

**2. Tæknileg málefni:**

**2.1. Umsókn um áframhaldandi stöðuleyfi v/söluskálans Dalakaffi frá 20. ágúst 2014.**

Í bréfinu er óskað eftir áframhaldandi stöðuleyfi vegna Dalakaffis.

Bæjarráð samþykkir að framlengja stöðuleyfi Dalakaffis til 1. október 2015. Þó er rétt að eigendur Dalakaffis geri sér grein fyrir því að deiliskipulag Árhólmasvæðis er í auglýsingaferli. Ef engar alvarlegar athugasemdir berast þá má búast við því að deiliskipulagið verði samþykkt nú í haust. Næsta skref er að gera lóðir á svæðinu byggingahæfar. Ýmsar framkvæmdir gætu því mögulega hafist á svæðinu áður en stöðuleyfið rennur út enda mun útgáfa stöðuleyfissins á engan hátt hafa áhrif á framtíðar uppbyggingu Árhólma.

2.2. **Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa v/grenndarkynningar - Birkimörk 17, rekstur gististaðar frá 28. ágúst 2014.**

Í minnisblaðinu er kynnt að grenndarkynning hafi farið fram án athugasemda.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að leyfi til rekstur gististaðar í flokki II verði veitt.

2.3. **Minnisblað frá bæjarstjóra v/lagningar ljósleiðara í Hveragerði frá 2. september 2014.**

Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir niðurstöðu viðræðna bæjarstjóra og fulltrúa Gagnaveitu Reykjavíkur vegna lagningar ljósleiðara í Hveragerði.

Bæjarráð fagnar góðri niðurstöðu viðræðna aðila en ljósleiðari verður nú lagður í öll íbúðarhús í Hveragerði.

2.4. **Lóðarúthlutunum v/Dalsbrúnar 2-8 og 10–16 skilað inn frá 26. ágúst 2014.**

Í erindinu kemur fram að Róbert Pétursson hefur fallið frá umsóknum sínum um tvær raðhúsalóðir í Hveragerði. Lóðirnar eru því lausar til umsóknar og verða kynntar á heimasíðu sveitarfélagsins.

### 3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. **Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa v/aksturs skólabarna frá íþróttahúsinu Skólamörk til Hamarshallar frá 2. september 2014.**

Í minnisblaðinu er kynnt niðurstaða verðkönnunar á akstri barna frá íþróttahúsinu Skólamörk að Hamarshöll á opnunartíma Skólalæsi.

Bæjarráð samþykkir að samið verði við Landferðir, Hveragerði um aksturinn til loka árs 2014 á grundvelli þess verðs sem fram kemur í minnisblaðinu. Ákvörðun um fyrirkomulag aksturs á næsta ári verður tekin við gerð fjárhagsáætlunar ásamt umræðu um mögulega gjaldtöku vegna akstursins.

Kostnaður gæti numið um 1,5 mkr vegna þess tímabils sem hér um ræðir. Þar sem ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna akstursins í fjárhagsáætlun ársins 2014 samþykkir bæjarráð að óráðstöfuðum fjármunum bæjarstjórnar verði ráðstafað til þessa verkefnis.

### 4. Verkfundargerðir:

4.1. Hveragerði – Gatnagerð 2014 frá 1. september 2014.

Fundargerðin samþykkt.

**5. Fundargerðir til kynningar:**

5.1. Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 29. ágúst 2014.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:50

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)